



# Óháð fréttablað á Vestfjörðum BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: [www.bb.is](http://www.bb.is) · Verð kr. 400 m/vsk



5 694110023513

Fimmtudagur

22. mars 2012

12. tbl. · 29. árg.



Vantar þig íbúð  
til leigu?

Hafðu samband!  
sími: 456 6600



N1 VERSLUN ÍSAFIRÐI  
Sími: 456 3995  
Opíð: MÁN.-FÖS. 7-17



## Til í slaginn

„Menn verða líka að ákveða að þessi byggðarlög skuli lifa og taka þann slag. Það er alltaf verið að horfa á hagkvæmnina og allt það, en hvað með fólkið á stöðunum?“ segir Kristján Andri Guðjónsson. Á miðopnu blaðsins talar hann um bæjarmálin, sjávarútveg og Norðurfjörð.



VIÐ ERUM DAGLEGA Á FERÐinni  
MEÐ VÖRUR UM ALLT LAND

| [www.flytjandi.is](http://www.flytjandi.is) | sími 525 7890 |

**EIMSKIP**  
Flytjandi



Vel var mætt á opnunina.

## Systrasögur í Safnahúsinu

Myndlistarsýningin Systrasögur - Lífið í töfraspeglum var opnuð í Listasafni Ísafjarðar á laugardag. Þar eru til sýnis verk systranna Söru og Svanhildar Vilbergsdætra. Sýningaropnunin fór fram á afmælisdegi móður þeirra, Guðnýjar Magnúsdóttur á Ísafirði. „Það mætti fullt af fólki og svo skemmtilega vildi til að þegar við litum í gestabókina að opnun lokinni var gesta-fjöldinn sá sami og aldur mömmu,“ segir Svanhildur. Hún segir að það hafi verið mjög skemmtilegt að vera boðið að sýna á Ísafirði. „Þetta er svo fallegur salur í Gamla sjúkrahúsinu og við vorum svo glaðar með að geta sýnt hana í okkar heimabæ. Það var bara yndislegt að koma vestur

### Á 39 fasteignir á Vestfjörðum

Íbúðalánasjóður átti 39 fasteignir á Vestfjörðum 20. febrúar síðastliðinn, 22 sem voru áður í eigu einstaklinga og 17 sem voru áður í eigu lögaðila. Þetta kom fram í svari velferðarráðherra við fyrirspurn Guðlaugs Þórs Þórðarsonar, þingmanns, um íbúðir í eigu sjóðsins. Af eignunum 39 eru ellefu í leigu, tólf standa auðar og fimmtán eru ófullgerðar eða óbúðarhæfar. Flestar eignirnar eru í Ísafjarðarbæ eða 31.

Íbúðalánasjóður átti 1.751 fasteign á landinu öllu 20. febrúar. 707 þeirra voru í leigu og þá að mestu til aðila sem áður bjuggu í eignunum. Óbúðarhæfar eignir sjóðsins á landinu öllu eru 255. Þá er 91 eign nýlega komin í eigu sjóðsins og er enn verið að vinna að gerð leigusamninga við þá aðila sem þar búa. – *asta@bb.is*

með sýninguna.“ Sýningin samanstendur af svokölluðum dúettmálverkum og innsetningum þeim tengdum sem er hluti af sýningu sem er nýlökkið í Listasafni ASÍ í Reykjavík. Í verkum sínum, sem þær vinna í sameiningu frá grunni, bregða þær upp myndum af sjálfum sér í ýmsum aðstæðum og leita meðal annars fanga í gömlu ævintýrunum, listasögunni og slúðurpressunni. Á opnuninni hér á Ísafirði bættu þær við gjörningi í fyrsta skipti og klæddu sig upp í fót sem þær eru í á einu málverk-

anna. Þannig að segja má að þær hafi stigið út úr málverkinu.

Að sögn Svanhildar er að þetta er einungis upphafið á samstarfi þeirra systra. „Við verðum í gestavinnustofu í Danmörku í mánuð í maí og í haust verðum við með sýningu í Listasafni Mosfellsbæjar. Svo við erum með nægar hugmyndir á teikniborðinu sem bíða eftir því að komast á strigann. Sýningin í Listasafni Ísafjarðar stendur til 21. apríl og er opin frá 13-18 virka daga og 13-16 á laugardögum. Allir velkomnir. – *thelma@bb.is*



Svanhildur og Sara Vilbergsdóttir.



Eitt af málverkunum á sýningunni: Sex undir pari!



Bræðraborg opnaði á sunnudag.

## Fullt út að dyrum á opnunardaginn

„Við höfum fengið frábærar viðtökur,“ segir Ásgerður Þorleifsdóttir annar vertanna á nýja kaffihúsinu Bræðraborg á Ísafirði sem opnaði á sunnudag. „Það var fullt út að dyrum frá því að við opnuðum og langt fram yfir lokunartíma.“ Ásgerður og Nanný Guðmundsdóttir standa fyrir rekstrinum í samstarfi við ferðapjónustuna Borea Adventures sem einnig verður með þjónustu í húsinu. Húsnæðið hefur hlotið töluverða yfirhalingu og var ekki annað á sjá á kaffihúsgestunum en að þeim litist vel á. „Fólk var almennt ánægt með þetta. Við getum því ekki annað en verið ánægðar og við biðum bara spenntar eftir framhaldinu.“ Kaffihúsið verður opið frá kl. 9 til 18. „Nú erum við komin á fullt skrið. Við verðum með mat í hádeginu og brauð og kökur yfir daginn. Svo ætlum við að hafa lengri opnunartíma um helgina,“ segir Ásgerður.

# Við bjóðum kökur í Netbankanum



## Meniga heimilisbókhald er nú hluti af Netbanka Íslandsbanka

Heimilisbókhald Meniga hjálpar þér að öðlast yfirsýn yfir fjármál heimilisins, halda bókhald og finna raunhæfar leiðir til sparnaðar. Nú getur þú með einföldum

hætti séð hvernig þínar kökur líta út. Opnaðu Netbankann og byrjaðu að spara tíma og peninga með aðstoð Meniga. Nú er allt á einum stað í skemmtilegri Netbanka.



**MENIGA**

Íslandsbanki er fyrsti banki í heiminum sem býður upp á Meniga innbyggt í Netbanka og er stoltur samstarfs- og þróunaraðili Meniga.

Við bjóðum  
góða þjónustu

islandsbanki.is | Sími 440 4000

  
Íslandsbanki

# Beint af augum

Kvikmyndatökumaðurinn Jóhannes Jónsson þeysist víða og myndar fyrir landann og við sjáum afraksturinn í Landanum - eða þeim fjölmörgu heimildamyndum sem hann kemur að. BB spjallaði við hinn sjálfstætt starfandi kvikmyndagerðarmann.

## Byrjaði í fréttum

„Þetta byrjaði nú bara þannig að mér fannst koma svo lítið af fréttum héðan af svæðinu. Ég hafði alltaf verið með ljósmyndadellu en árið 1996 keypti ég mér kvikmyndatökuvél, hafði svo samband við Stöð 2 og spurði hvort þeir vildu ekki nýta sér það að ég gæti tekið upp fyrir þá hér á svæðinu. Stuttu síðar byrjaði ég að vinna fyrir fréttastofu Stöðvar 2 en svo þróaðist þetta bara áfram, og árið 2002 byrjaði ég svo að vinna fyrir RÚV,“ segir Jóhannes.

„Um leið byrjaði ég að búa til kynningarefni fyrir fyrirtæki og það leiddi mig smám saman út í heimildamyndagerð. Ég hafði lengi haft mikinn áhuga á henni en lét loks vaða og gerði þá mynd um einleikjahátíðina Act Alone sem sýnd var hjá RÚV 2006. Þessi mynd reyndist góður skóli þar sem ég sá um alla vinnslu á henni og framleiddi líka. Síðan hef ég komið að nokkrum heimildamyndum, ýmist sem tökumaður klippari eða meðframleiðandi. Til dæmis tók ég þátt í tökum og eftirvinnslu á leikinni heimildarmynd um Húsið á Eyrarbakka og annarri mynd um afreksbrautina í menntaskólanum með Hermanni Níelsar sem báðar voru sýndar á RÚV. Ég sá líka að hluta um tökum og eftirvinnslu á myndinni Norðvestur sem Einar Þór gerði,“ segir Jóhannes.

„Eins hef ég unnið við sjónvarpsauglýsingar og komið að tveimur myndum Lýðs Árnasonar, Vaxandi tungl og svo mynd sem tekin var á Jökulfjörðum en á eftir að frumsýna og svona má lengi telja.“

## Eingöngu í kvikmyndagerð

Jóhannes hefur einnig verið í hópnum sem stendur á bakvið sjónvarpsþáttinn Landann frá því að hann hóf göngu sína haustið 2010. „Það eru auðvitað fjölmargir sem koma að þeim þætti og þeir eru staðsettir út um allt land. Þar vinna allir með öllum og verkefni fara stundum þvers og kruss um landið. Einhver getur komið hingað eða ég til dæmis

farið norður. Viðbrögðin við þættinum hafa verið stórkostleg enda er hann að koma landsbyggðinni á framfæri fjallar um spennandi verkefni sem fólk er að vinna að en hafa ekki farið hátt. Það var góð tilfinning að vera við afhendingu Edduverðlaunana þar sem Landinn tók við verðlaunum sem Frétta- eða viðtalsþáttur ársins annað árið í röð.“

Jóhannes starfar eingöngu við kvikmyndagerð en þeir eru varla margir á Íslandi um þessari mundir. „Já, þótt ég hafi lært símsmíði á sínum tíma þá hefur þetta þróast svona,“ segir Jóhannes og brosir. „Ég er samningsbundinn hjá RÚV. Hinsvegar geri ég ekkert annað en fást við kvikmyndagerð, þar og svo í öðrum verkefnum. Ég er með lítið framleiðslufyrirtæki í kringum mig og hef sem betur fer haft alveg nóg að gera ýmist sem tökumaður, klippari eða hljóðmaður. Ég leigi hluta af því húsnæði sem RÚV er með hér á Ísafirði og hef því ágæta aðstöðu.“

- Verkefnin sem þú nefnir tengjast mörg svæðinu. Í þínu tilvikum skapar búsetan þér atvinnu, eða hvað? „Já, allavega að einhverju leyti. Annars hefur netið breytt þessu svo mikið. Ég er á fullu í að klippa verkefni hér á Ísafirði í samvinnu við fólk sem situr fyrir sunnan eða annars staðar á landinu, ásamt því að vinna verkefni fyrir erlenda aðila, netið gerir þetta allt mögulegt.“

## Ekki nógu vont veður

Þegar blaðamaður hafði samband við Jóhannes var hann ekki viss um að hann hefði tíma fyrir spjall þar sem hann vonaðist eftir nægilega vondu veðri til að geta farið í Djúpið. „Þar er ég að vinna að heimildamynd ásamt Þóru Arnórsdóttur og Ásdís Ólafsdóttur um síðustu ábúendurnar í Djúpinu. Þetta er verkefni sem mig hefur dreymt um í tíu ár og er loks orðið að veruleika.“

Við byrjuðum að taka upp síðasta haust og gerum ráð fyrir að vera eitt ár í tökum. Við miðum við þá sem enn búa allt árið fyrir innan Skötufjörð og eru með einhvern búskap, jafnvel þótt það séu bara örfáar rollur. Það hefur verið mjög skemmtilegt að heim-sækja fólk og mesta furða hvað allir taka okkur vel. Því við örkum inn með fangið fullt af græjum og rekjum miskunnarlaust úr þeim. Ég held að flestir geri sér grein fyrir hversu mikilvægt er að skrá þessa sögu áður en þetta verður að sumarhúsabyggð. Ég er að vinna í að afla meira mynd-



efnis á meðan þær frænkur klippa saman viðtöl og skrifa handrit. Núna ætlaði ég að fara og fylgjast með því þegar Þórður í Laugarholti keyrir skólabílinn með krakkana þrjá sem eftir eru við Djúp í skólann á Hólmavík. Við viljum fá góðar vetrarmyndir en veðrið var ekki nógu spennandi. Það verður að vera alvöru vetur. Og ég verð að fá að nota tækifærið og biðja lesendur sem luma

á eða vita af gömlum myndum úr Ísafjarðardjúpi að láta mig vita. Við þurfum að safna miklu í sarpinn. Það má vera af bústörfum, vegafamkvæmdum, mannlífi eða bara hverju sem er. Lifandi myndir úr Héraðsskólanum í Reykjanesi væru til dæmis himnasending.“

- Ertu að vinna að fleiri verkefnum? „Ég kem að nokkrum heimildamyndum sem enn eru á

undirbúningsstigi og því má ég ekki tala um þær. En ég get nefnt að ég er að vinna í einni ungliðastarf björgunarsveitanna ásamt Hermanni Níelsar. Við tengjum þetta inn í menntaskólann þar sem er hægt að taka áfanga tengdum björgunarsstörfum. Svo er ég með mynd í eftirvinnslu sem Sara Thomas er að gera um Palestínnumennina sem komu hingað,“ segir Jóhannes.



# STOLT ÍSLENSKRAR NÁTTÚRU ÍSLENSKT HEIÐALAMB



VELDU GÆÐI  
VELDU KJARNAFÆÐI

[www.kjarnafaedi.is](http://www.kjarnafaedi.is)

# Nýr bátur til Bolungarvíkur

Nýr bátur bættist í flota Bolvíkinga um helgina þegar Fríða Dagmar ÍS 103 kom til hafnar. Um er að ræða nýjan nýjan Cleopatra bát frá Bátasmiðjunni Trefjum í Hafnarfirði sem Útgerðarfélagið Salting ehf á Bolungarvík fékk afhentan nú á dögnum. Að útgerðinni stendur Jakob Valgeir Flosason en Sigurgeir Þórarinnson verður skipstjóri á bátinum.

Fyrir á útgerðin tvo Cleopatra

38 báta í rekstri, aflabátana Guðmund Einarsson ÍS og Sírý ÍS. Báturinn mælist 15 brúttótonn og er því í krókaflamarks kerfinu. Fríða Dagmar er af nýrri gerð Cleopatra 40B sem er nokkru breiðari bátur enn eldri bátar útgerðarinnar.

Báturinn er útbúinn til línuveiða. Þá er rými fyrir sextán 660 lítra kör í lest.

— *thelma@bb.is*



Fríða Dagmar í heimahöfn í Bolungarvík.

## Myndaði barnunga frænku sína nakta

Héraðsdómur Vestfjarða hefur dæmt karlmann í fimm mánaða fangelsi, en skilorðsbundið þrjú mánuði, fyrir kynferðisbrot gegn frænku sinni og vinkonu hennar þegar þær voru 14 ára. Maðurinn tók hátt í hundrað ljósmyndir af stúlkunum nöktum, þar sem þær lágu í ljósabekk, án þeirra vitundar.

Umrædd brot voru framin í apríl eða maí árið 2008. Maðurinn bauð stúlkunum að nota ljósabekkinn og tók svo að minnsta kosti 44 ljósmyndir af annarri

stúlkunni og að minnsta kosti 52 myndir af hinni. Á langflestum myndum sást kynfæri stúlkanna greinilega.

Maðurinn var einnig sakfelldur fyrir að hafa umræddar myndir í vörslu sinni. Maðurinn játaði brot sitt en hann hefur áður gerst sekur um samskonar brot.

Í niðurstöðu dómsins segir að ekki verið litið framhjá einbeittum brotavilja mannsins við ákvörðun refsingar, þá hafi hann brotið gegn trúnaði stúlkanna tveggja. Hins vegar var það talið

manninum til málsbóta að hann hefur leitað sér sérfræðiaðstoðar í því augnamiði að breyta hegðun sinni.

Maðurinn var einnig dæmdur til að greiða stúlkunum hvorri fyrir sig 200 þúsund krónur í miskabætur. Farið var fram á eina milljón króna í bætur en í dóminum segir, að heldur fátækleg gögn hafi legið frammi til stuðnings bótakröfunum, auk þess sem sú upphæð sé ekki í samræmi við dómafordæmi.



Boðið var upp á tertu í tilefni dagsins. Sigurgeir Þórarinnson skipstjóri fær sér sneið af tertunni og Guðbjartur Flosason fylgist með.

### Spurningin

Keyrir þú minna eftir síðustu hækkun á verði eldsneytis?

Alls svöruðu 625.  
Já sögðu 501 eða 80%  
Nei sögðu 124 eða 20%

Netspurningin er birt vikulega á *bb.is* og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

### Helgarveðrið

**Horfur á föstudag:**

Suðlæg átt og víð væta, en þurrt að kalla á NAlandi. Hlýtt í veðri.

**Horfur á laugardag:**

Suðlæg átt og víð væta, en þurrt að kalla á NAlandi. Hlýtt í veðri.

**Horfur á sunnudag:**

Suðlæg átt og víð væta, en þurrt að kalla á NAlandi. Hlýtt í veðri.

### Ritstjórnargrein

## Fjarar undan Alþingi

Sagt hefur verið að „penninn“ væri beittasta vopnið sem maðurinn hefði yfir að ráða. Án allrar tölfraði má fullyrða að margur hefur átt um sárt að binda eftir að þessu vopni var beitt.

Vægi orða kunna þau að vera metin eftir því hver lætur þau falla og við hvaða aðstæður þau eru sögð. Þannig segir Þorkell Helgason, stærðfræðingur, í blaðgrein ekki alls fyrir löngu: „Orð fræðimanna hafa meiri vigt en annarra í umræðunni. Þeir verða því að hafa það á hreinu hvenær þeir eru með fræðilega rökstuddar athugasemdir og hvenær þeir eru að lýsa persónulegum eða pólitískum skoðunum. Til hins síðarnefnda hafa þeir að sjálfsögðu rétt en þá hafa skoðanir þeirra ekki meira vægi en annarra.“

Máltækið: Gott er að hafa tungur tvær og tala sitt með hvorri, hefur einhverra hluta vegna tengst stjórnmálamönnum öðrum fremur. Ófá munu dæmin um að tungutak stjórnmálamanna fari eftir því hvorum megin við borðið þeir sitja, þ.e. hvort þeir eru í stjórn eða stjórnarandstöðu; yfir hverjum þeir predika, hvað hentar málstaðnum hverju sinni? Hvernig á fólk að átta sig á slíkum málflunungi, hvað þá að geta tekið hann alvarlega?

„Við höfum horft upp á þjóðfélag okkar riða til falls vegna óráðsú, óeiningar og samræðuhefðar sem er okkur til skammar. Þegar menn sem gegna ábyrgðarstörfum í þjóðfélaginu kalla hvorn annan

þjána á opinberum vettvangi þá er eitthvað mikið að.“ Þessi opin skilgreining kennimanns á því miður við um alltof mörg tilfelli í skoðanaskiptum manna. Erum við virkilega farin að trúna því að farsælasta leiðin til árangurs sé að byrja á því að gefa hugsanlegum viðsemjanda einn á lúðurinn?

Daglega fylla holskeflur gagnstæðra fullyrðinga um já/nei-afstöðu við aðild að ESB síður dagblaðanna, svo dæmi sé tekið. Viku eftir viku flæða sömu fullyrðingarnar yfir lesendur. Séu þær endurteknar nógu oft gera flytjendur sér væntanlega vonir um að öðlast trú lesenda. Þegar ekki verður annað séð en að þess konar vinnubrögð séu rauði þráðurinn í umræðum á hinu háa Alþingi Íslendinga, þarf engan að undra þótt virðingarstuðull þess hjá þjóðinni sé í sögulegu lágmarki.

Síst af öllu þurfum við á því að halda að alþingismenn sólundi að miklum hluta tíma sínum í innantómt stapp þar sem kapp er lagt á að sanna hvor fylkingin sé dugminni, stjórn/stjórnarandstaða, og sinni ekki þeim verkum sem þeir buðu sig fram til að vinna, landi og þjóð til framdráttar. Ekki skortir viðfangsefni.

Þar til þingheimur nær áttum mun halda áfram að fjara undan virðingu Alþings.

s./h.

Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620, Sólgötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564. Ritstjóri: Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, *bb@bb.is*. Blaðamenn: Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, *thelma@bb.is*. Ásta María Sverrisdóttir, sími 824 0644, *asta@bb.is*. Ritstjóri netútgáfu *bb.is*: Sigurjón J. Sigurðsson. Ljósmyndari: Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, *halldor@bb.is*. Ábyrgðarmenn: Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson. Lausasöluverð er kr. 400 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. Önnur útgáfa: Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. ISSN 1670 - 021X

Samkaup

úrval

góðir grannar



Sparnaðartilboð helgarinnar 22. - 25. mars

samkaupurval.is

Góð kaup!

898

799 kr/kg



Lambasúpukjöt  
blandað, frá Goða

Góð kaup!

299

269 kr/pk



Kindabjúgu 370g  
frá Goða



Úrvals  
nautabynnur

2.498

1.749 kr/kg

30%  
afsláttur

Góð kaup!

489

396 kr/pk



Kartöflubátar 900g  
frá Coop

"Indverskur  
hrísgrjónagrautur"  
...sjá nýja uppskrift  
í "Hrísgrjónaréttir"  
á samkaupurval.is



Frábært verð!

Hrísgrjón 500g  
frá Coop 199 kr/pk

Góð kaup!

359

298 kr/pk



Hvítlauksbrauð 2 stk 350g  
frá Coop



25%  
afsláttur

399

299 kr/pk

Spergilkálsblanda 750g  
fryst fersk, frá Coop



...sjá uppskrift  
"Epli með höfrum, kanil og vanilluís"  
á samkaupurval.is

53%  
afsláttur

209

Jónagold epli 98 kr/kg

...sjá fleiri tilboð á samkaupurval.is

Birt með fyrirvara um prentvillur.

# Af hverju ekki aftur?

Kristján Andri Guðjónsson gerir út þrjá báta og situr í bæjarstjórn fyrir Í-listann en líður þó hvergi betur en á grásleppu norður á Ströndum. Blaðamaður BB hittir Kristján Andra á heimili hans og fékk að heyra skoðanir hans á sjávarútvegi og málefnum bæjarins.

## Páll Pálsson

„Við erum þrír albræðurnir og ólumst allir upp á Ísafirði. Þá voru miklir uppgangstímar hérna, mikill fiskur og leyfilegt að veiða hann. Þetta var ekki spurning um að fá ekki vinnu heldur hvað þú gast unnið mikið. Það vantaði frekar fleiri klukkutíma í sólarhringinn,“ segir Kristján Andri. „Ég kláraði fyrsta stigið í skipstjórnarnámi en svo lá leiðin á sjóinn. Faðir minn var skipstjóri á Páli Pálssyni og ég var þar í um sjö ár, ýmist á dekkinu eða sem annar stýrimaður. Síðan byrjaði ég að fara með Tryggva frænda mínum á rækju í Djúpinu.“

## Engin vettlingatök

Kristján Andri var við rækjuveiðar ásamt frænda sínum til ársins 1997 en ákvað þá að einbeita sér að eigin útgerð sem hann á ásamt föður sínum og tveimur frændum.

„Við rérum saman, ég og Eiríkur vinur minn sem ég átti eftir að missa í sjóslýsi, og hann átti stóran þátt í að byggja fyrirtækið upp með mér. Í dag geri ég út þrjá báta og er með sex manns í vinnu. Ætli 60-70% aflans fari ekki á markað hér á Ísafirði en hinu landa ég inn í harðfiskvinnslu. Það eru þrjú ár síðan ég kom meira og minna í land. Ég leigi skrifstofu í Þrym, kannski ekki síður vegna þajarmálanna fannst mér ég þurfa einhverja skonsu einhversstaðar, annars sér bókarinn minn um reikninga og sjálfur vinn ég mest í gegnum síma og fartölvu. Þó leysi ég strákana stundum af og geng enn í öll störf þegar þarf. Á vorin fer ég alltaf á grásleppu norður á Strandir og er þar líka á færi á sumrin.“

- Faðir þinn var frægur aflaskipstjóri, þú hefur væntanlega lært síthvað af honum?

„Já, hann fiskaði vel. Hann var harður húsbóndi og ég fékk enga fyrirgreiðslu þótt ég væri sonur hans. Þegar ég óskaði eftir því að fá koma um borð sagðist hann setja mig á listann. Ég færi ekki fram fyrir aðra. Þannig að ég var ekki tekinn neinum vettlingatökum þótt ég væri sonur

skipstjórans og allra síst af áhafnarmedlimum. Maður fékk alveg að finna fyrir því ef kallinn var í vondu skapi. En þannig er sjómennskan og það beit ekkert á mann,“ svarar Kristján Andri.

„Reyndar fór ég til Reykjavíkur þegar foreldrar mínir fluttu suður. Ég bjó í Drápuhlíð og vann við smíðar. Þarna var ég á annað ár en fékk þá nóg. Mér fannst ég bara ekki passa inn í þetta samfélag. Það sem líklega gerði útslagið var einhvertíma þegar ég var staddur í búð og áttaði mig á að ég hafði gleymt veskinu. Þegar ég spurði afgreiðslukonuna hvort ég mætti ekki bara koma síðar um daginn og borga, hótaði hún að hringja á lögregluna ef ég skilaði ekki vörunum. Þegar maður er alinn upp í samfélagi þar sem maður þarf aldrei að sýna persónuskilríki er erfitt að setta sig við eitthvað annað.“

## Vantar tekjustofna

Kristján Andri situr fyrir Í-listann í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar. „Ég hafði verið varabæjarfulltrúi fyrir Frjálslynda flokkinn og Í-listann og líka setið í hafnarstjórn fyrir báða flokka. En þegar Magnús Reynir, góður vinur minn, vildi hætta þarsíðasta vor ákvað ég að taka slaginn. Og bæjarbúar veittu mér það tækifæri.“

- Hvernig þótt þér að koma inn í bæjarpólitíkina?

„Maður fer náttúrlega inn með háleit markmið en er fljótlega kipt niður á jörðina. Þetta snýst allt um þjónustu við íbúana og að bærinn geti rekið sig. En skuldastaðan er erfið. Ég tók ákvörðun fyrir mitt leyti að það yrði að taka á þessari skuldastöðu þótt það yrði vissulega erfitt fyrir íbúana. Þó skil ég vel að fólki líki ekki það sem nú á dynur, bæði niðurskurður og uppsagnir. En það varð hrún í landinu og peningarnir eru ekki til. Því getur maður ekki séð að ríkið eigi neitt aflögu til að hjálpa. Það sem ríkið þó ætti að gera fyrir sveitarfélögin væri að búa til fleiri tekjustofna.“

- Hvernig?

„Ég er sjálfur í útgerð og því ekkert sérstaklega spennur fyrir að borga hærra auðlindargjald. En maður yrði mun sáttari við það ef sú hækkun rynni til míns sveitarfélags. Ég vissi þá að peningarnir yrðu eftir heima í héraði sem einn af tekjupóstum sem sveitarfélaginu sárvantar.“

- Vestfirðingar segja oft að

góðærið hafi aldrei komið hingað. En af hverju er Ísafjarðarbær svo illa staddur að hann er t.d. farinn að lengja lokunartíma sundlauganna?

„Bærinn er ekki vel fjáður en hverjum á að kenna um hreinlega veit ég ekki. Kannski er líka best að reyna ekki að finna einhverja blóraböggla heldur taka á vandanum. Það er verið að vinna úttekt á kerfi bæjarins, hvar er hægt að skera og annað. Það er mjög mikilvægt að bæjarstjórnin komi saman sem ein heild þegar þarf að fara í svona leiðinlegar aðgerðir og ég horfi til þess. Alveg eins og þegar illa gengur um borð í skipi verða menn að standa saman.“

- Engu að síður hljóta bæjarbúar að velta fyrir sér hvað fór úrskeiðis í fjármálum Ísafjarðarbæjar.

„Við erum búnir að missa mikið af hátekjumönnum út úr útsvarinu vegna brotthvarfs aflheimilda úr sveitarfélaginu og hér kom mikið meiri afli á land en nú er. Því hafa tekjurnar minnkað mikið. Eins er töluvert af unga fólkinu farið, eftir verður meira af miðaldra og eldra fólki sem greiðir lægra útsvar enda er það farið að hægja á sér og oft komið á eftirlaun. Eftir sem áður þarf að halda úti sama þjónustugigi.“

- Var bærinn þá svona lengi að átta sig á að það þyrfti að skera niður í samræmi við minnkandi tekjur?

„Ég held það. Og líklega vonaði fólk lengi vel að allt yrði hér aftur eins og einu sinni. Sem ég náttúrlega vona enn. Ég sá hvernig þessi bær byggðist og upplifði þegar allt var hér í blóma og af hverju getur það ekki gerst aftur? Að mínu mati þarf samt stjórnvaldsaðgerð til að svo megi verða. Héðan fór hellingur af aflaheimildum. Til dæmis var landað allt að 9000 tonnum af afla á Flateyri þegar best gekk en það var selt í burtu með ákvörðunum nokkurra manna. Slíkt hlýtur að koma við útsvar bæjarins.“

## Meira frjálsræði

- Öll landsbyggðin býr við sama kvótakerfi en hversvegna heldurðu að Vestfirðir hafi farið svona mikið verr út úr því en aðrir fjórðungar?

„Sennilega vegna þess að við börðumst á móti kvótakerfinu og vorum ósáttir við það. Þótt ég sé með kvóta á mínum bát er ég ekki sáttur við þetta kerfi vegna þess að ég tel að það stuðli að of mikilli skuldaföfnun. Þegar það

verður of mikil skuldaföfnun verður um leið til þessi krafa um samþjöppun og sameiningar. Sá stærri verður að verða stöðugt stærri og stærri en það getur ekki gengið upp. En ég held að þetta sé stærsta ástæðan fyrir hvernig mál hafa þróast hér, menn streitust á móti. Sum útgerðarfélögin fóru vissulega strax í að kaupa aflaheimildir og sum þeirra standa enn, líklega vegna þess. Þótt maður sé í grunninn ósáttur við þetta kerfi er það samt þannig að ef þú spilar ekki með ertu út úr dæminu. Við spilum ekki með. En áttum við að gera það? Það er önnur spurning. Í dag eru grunnstöðirnar laskaðar. Það fyrsta sem þarf að gera er að koma í veg fyrir að það verði meira svo hægt sé að byggja ofan á það. Ef þetta heldur áfram niður á við mun þetta bara þurrkast út hérna.“

Spurður hvar hann vilji byrja, svarar Kristján Andri:

„Ég held að það þurfi að veita byggðum sem standa nálægt gjöfum fiskimiðum meira frjálsræði. Menn verða líka að ákveða að þessi byggðarlög skuli lifa og taka þann slag. Það er alltaf verið að horfa á hagkvæmnina og allt það, en hvað með fólkið á stöðunum? Það er ekki spurt um hagkvæmnina en það vill fá að búa þar sem það býr. Það verður að gera því það kleift og laga grunngerðina.“

## Apparöt í Reykjavík

- Þú hefur ekki áhyggjur af að það eigi eftir að taka langan tíma að laga grunngerðina - orkumálin, vegakerfið, internetið, o.s.frv. - hér á Vestfirðum?

„Ef byrjað er á að breyta fiskveiðikerfinu þannig að byggðirnar fái meiri rétt til sjósóknar nálægt sér yrði hér til sterkur atvinnuvegur til að byggja á. Við erum líka að berjast fyrir því að fá Hvalárvirkjun af stað en höfum rekist á allskonar pósta fyrir sunnan þar sem einn vill þetta, Landsnet þetta og annar eitthvað allt annað. Maður getur orðið svolítið argur í þessu máli því þarna er tækifæri til að búa til góða virkjun fyrir Vestfirðinga. En þá rísa upp einhver apparöt í Reykjavík sem skilja ekki í hvaða stöðu við erum í hérna. Maður vonar líka að flutningsjöfnunartyrkir komist á og ég vil strandflutninga í gang aftur. Það myndi breyta miklu því flutningar eru alltof dýrir fyrir okkur. Annað sem háir svæðinu mjög er þetta sambandsleysi á milli suður- og norðurfjarðanna í allt að sex

mánuði á ári. Það verður að laga með jarðgöngum hið fyrsta.“

## Ísafjörður og þorpin

- Nú þegar þú hefur setið í bæjarstjórn í tvö ár, hvernig finnst þér hafa tekist til með sameininguna?

„Ég get alveg viðurkennt að ég var á móti henni á sínum tíma. Hinsvegar tel ég í dag að það hafi verið mistök hjá mér. Ísafjörður þarfnast byggðarkjarnanna og þeir þarfnast Ísafjarðar. Þetta verður að vinna saman. Íbúar Ísafjarðar verða líka að átta sig á að íbúarnir í þorpinum eru líka íbúar í Ísafjarðarbæ. En þjónusta má ekki öll færast á Ísafjörð. Ég er á því að það eigi að sameina Bolungarvík og Súðavík inn í Ísafjarðarbæ. Þá þyrftu líka að koma göng inn í Alftarfjörð. En þetta er auðvitað framtíðarmúsík.“

- Finnst þér ekki hafa orðið neitt rof á milli íbúa þorpanna og stjórnsýslunnar á Ísafirði?

„Íbúasamtökin á Flateyri og Þingeyri eru mjög virk að benda bæjarstjórninni á það sem þeim finnst miður fara og það er mjög mikilvægt. En ég hefði viljað sjá að það væri maður á þessum stöðum sem fólk gæti leitað til og hann kæmi skilaboðum til bæjarstjórnar. Það er, að íbúasamtökin á hverjum stað væru beintengd við bæjarstjórnina.“

## Strandveiðipottana burt

- Þú þekkir vel til í sjávarútvegi, hvernig finnst þér hafa tekist til með strandveiðar?

„Það voru agnúar á þessu fyrst en það hefur stórlagast. Nú er verið að breyta þessu þannig að eigandinn verður að vera um borð í bátinum. Sjálfur gerði ég út tvo dagabáta og verð nú að selja annan því ekki get ég róið tveimur bátum í einu. Maður hefði kannski viljað fá aðlögun en ég tel rétt að gera þetta svona. En það þarf að taka þessa potta út úr strandveiðikerfinu. Ákveða frekar að menn megi veiða 5-600 kíló á dag 5 daga vikunnar, fjóra mánuði á ári, ríkið fái 5% af aflaverðmæti en annars skipti það sér ekki meira af þessu. Þetta tæki burt hvatann fyrir menn að fara að braska, safna bátum, hjóla svo í þingmennina og biðja þá að redda sér kvóta. Það er ég búinn að sjá og vil ekki sjá aftur.“

- Fólk kvartar yfir að mikið af aflanum sem kemur á land hér með strandveiðum sé svo keyrt í





# Útgjöld vegna sjúkraflutninga dragast saman

Heildarútgjöld Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða vegna sjúkraflutninga hafa dregist saman um tvær milljónir króna frá árinu 2007. Á síðasta ári námu útgjöldin rúmum 22 milljónum króna samanborið við 24 milljónir árið 2007. Hæst voru útgjöldin hins vegar árið 2008 eða 26 milljónir króna. Kostnaður vegna sjúkrabifreiða hefur einnig dregist lítillega saman en þeim mun meira hefur dregið úr útgjöldum vegna sjúkraflugs. Árið 2007 nam kost-

aður vegna sjúkraflugs um 2,7 milljónum króna samanborið við 748 þúsund krónur á síðasta ári, sem er svipuð fjárhæð og árið á undan. Hæst voru útgjöldin hins vegar árið 2008 eða 4,2 milljónir króna.

Hjá Heilbrigðisstofnuninni Patreksfirði hafa útgjöld vegna sjúkraflutninga aukist lítillega frá árinu 2007. Útgjöldin voru 5,6 milljónir á síðasta ári samanborið við 4,9 milljónir árið 2009. Árið 2011 voru útgjöld vegna sjúkra-

bíla tæpar 4,9 milljónir en útgjöld vegna sjúkraflugs 743 þúsund krónur. Alls voru farin 48 sjúkraflug frá Vestfjörðum árið 2011 samanborið við 55 árið 2007. Flest flugin voru árið 2008 en þá var fjöldi sjúkrafluga 74.

Þetta kom fram í svari velferðarráðherra við fyrirspurn Sigurðar Inga Jóhannssonar, þingmanns Framsóknarflokksins, um þróun sjúkraflutninga hjá heilbrigðisstofnunum síðastliðin fimm ár.

– asta@bb.is



burtu.

„Það er auðvitað slæm þróun og eitthvað sem við verðum að breyta. Mér finnst virðingarvert hjá Vísi að í fyrra tóku þeir við öllum dagabátum sem vildu landa og unnu aflann á Þingeyri. Þannig á að gera þetta. Suðureyri hefur líka keypt mikið af þessum strandveiðibátum og eitthvað hafa menn keypt í Bolungarvík. Við höfum hús til að vinna þennan afla en okkur gæti kannski vantað fólk. En auðvitað ber að stefna að þessu. Til dæmis með því að ákveða að sá sem fer og landar á markað megi veida sex hundruð kíló á meðan hinn sem landar til vinnslu í heimabyggð megi veida sjö hundruð kíló.“

## Á þing?

- Faðir þinn, Guðjón Arnar Kristjánsson, sat á Alþingi. Er eitthvað slíkt á dagskrá?

„Ætli ég láti ekki sveitarstjórnarmálin nægja en þó veit enginn sína framtíð. Ég vildi komast í bæjarstjórn til að vinna að hagsmunum bæjarins og hef alltaf passað mig á að víkja af fundum eða setið hjá þegar byggðakvótamál eru til umræðu. Ég vil bara koma bænum til fyrra horfs og vinn með hverjum sem er að því en hef átt gott samstarf við félag mána í Í-listanum.“

- Það freistar þín ekki að fara á þing til að hjálpa til við að breyta kvótakerfinu?

„Hugsanlega. Hinsvegar tel ég að þessi tíu ár sem Frjálslyndi flokkurinn var á þingi hafi hann allavega fengið fólk til að átta sig á því að það þyrfti að laga til í þessum málum. Báðir flokkarnir sem núna eru í stjórn lofuðu fólkinu því að það yrði tekið til í þessu kerfi og byggðum landsins aftur gert kleift að lifa og dafna. Þeir eiga náttúrulega að standa við það. Annars rís Frjálslyndi flokkurinn upp aftur.“

- En hvernig líst þér á þær breytingar og tillögur í sjávarútvegsmálum sem hafa komið frá þessum sömu flokkum?

„Mér finnst þetta illa unnið og hálfgerð hrafnaspark á köflum. Sjálfur er mér alveg sama þótt þeir tækju af mér aflheimildirnar, en hvað með skuldarnar? Ég er ekki sammála því að ef aflheimildir verða teknar af útvegsfyrirtækjum sitji þau eftir með skuldarnar. En ég hef alltaf verið hrifnastur af sóknardagakerfi. Þá horfi ég bara til þess sem maður hefur gert áður og gekk best.“

## Kindur í Engidal

Kristján Andri er á leið á grásléppuveiðar.

„Ég fer núna upp úr miðjum mars, á Norðurfjörð. Þar líður mér afar vel og er byrjaður að byggja mér sumarbústað þar. Þegar konunni minni þykir ég orðinn argur spyr hún mig hvort ég þurfi nú að fara að komast heim. Á þá við hvort ég þurfi að fara að komast norður í friðsældina. En ég á líka töluvert af ættingjum á þessum slóðum. Við förum tveir saman og erum við veiðar í tvo mánuði, löndum á Norðurfirði. Við höfum gist í kjallaranum hjá Gunnsteini Gíslasyni, gamla kaupfélagsstjóranum, en hann hefur líka saltað og verkað fyrir okkur hrognin. Við reynum svo að koma heim aðra eða þriðju hverja helgi. En ég gæti vel hugsað mér að eyða ellinni þarna. Líklega er maður svolítill einbúi í sér,“ segir Kristján Andri og brosir.

„Auðvitað líður mér þó best heima hjá mér með konunni, Kristínu Berglindi og börnunum. Við eigum þrjú börn, eina stelpu sem er að fermast í vor og tvíburu sem eru ellefu ára.“

Aðspurður um áhugamál, svarar Kristján Andri:

„Kristín Berglind er úr sveit og við höldum kindur inni í Engidal, tólf stykki. Þannig að ég er útvegsbóndi og reyni alltaf að vera búinn með grásleppuna áður en sauðburður byrjar. Sumir fara í golf en ég hef meira gaman af þessu.“

- Huldur Breiðfjörð.

## Pálsfiskur á Vestfjarðamiðum

Svokallaður Pálsfiskur veiddist á Vestfjarðamiðum í byrjun vikunnar en slíkur fiskur er afar sjaldgæfur hér við land. „Hann veiddist fyrst við Ísland árið 2002, einn fiskur. Síðan gerðist það árið 2008 að það fréttist af fimm pálsfiskum við landið, en síðan ekki meir fyrr en núna,“ segir Jónbjörn Pálsson sérfræðingur hjá Hafrannsóknastofnun og bætir við að fiskurinn sé „frændi pétursfisks. Fiskurinn vakti þó nokkra athygli eftir að hann kom á land á Ísafirði eftir hefðbundna veiðiferð og var kallað á bb.is til að leita upplýsinga um hann. Þá kunnu reyndustu sjómenn ekki deili á honum enda ekki furða þar sem um er að ræða fyrsti pálsfiskinn sem veidist á Vestfjarðamiðum svo vitað sé.

Um er að ræða hávaxinn fisk og mjög þunnvaxinn með allstóran haus og nokkuð stór augu. Kjaftur er mjög stór og þverstæður og geta skoltar glennst vel út. Tennur á skoltum eru smáar til meðalstórar. Bakuggi er tvískiptur og er fremri hluti hans hár og broddgeisl- aður og teygjast fremstu geislar hátt upp en aftari hluti er lægri og með liðgeislum. Þrír fremstu geislar raufarugga eru brodd-



Pálsfiskurinn sem slæddist á land á Ísafirði í venjulegri veiðiferð.

geislar en aðrir geislar liðgeislar. Liðgeislahlutar bak- og raufarugga eru jafnlangir og svipaðir að lögun. Eyruggar eru frekar stuttir en kviðuggar sem eru framan við eyrugga mun lengri. Sporðblaðka er stór. Spyrðustæði er mjög grannt. Rák er greinileg og liggur í stórum boga yfir eyruggum. Ekkert hreistur er á haus né hliðum en 7-8 hreistur-

flögur eru eftir kviði á milli kviðugga og raufar og 7-9 stórar bogadregnar beinflögur eru meðfram rótum bakugga og 5-7 við rætur raufarugga.

Hann er silfurgrár, dökkur blettur á miðjum fiski, ugga-himnur dökkar. Svartir blettir eru á við og dreif á bol og stirtlu ungra fiska.

– thelma@bb.is

## Sex hundruð milljónir í rekstur skólanna

Heildarkostnaður við rekstur grunnskólanna í Ísafjarðarbæ var um 600 milljónir króna á síðasta ári. Tæpar 450 milljónir króna fóru í launakostnað eða 75% af heildarkostnaðinum. Kostnaður vegna svokallaðra meðfylgjandi gjalda var ríflega 80 milljónir

króna eða 13% af heildarkostnaðinum. Hér er aðallega um að ræða húsnæðiskostnað. Þá var annar rekstrarkostnaður um 12% af heildarkostnaðinum eða rúmar 70 milljónir króna. Ísafjarðarbær rekur fjóra grunnskóla, á Ísafirði, Flateyri, Þingeyri og á Suðureyri.

Meirihluti kostnaðarins, eða 72%, er vegna stærsta skólans, Grunnskólans á Ísafirði. Kostnaður við rekstur GÍ var um 237 milljónir króna, rekstur Grunnskólans á Þingeyri kostaði um 54 milljónir, 71 milljón á Suðureyri og 40 milljónir á Flateyri.



## FORSENDAN ER STÖÐUG UMGJÖRÐ

Neikvæð áhrif ósættis og deilna um fyrirkomulag fiskveiðistjórnunar hafa áhrif á rekstrarskilyrði úrgerðarinnar, áhuga á fjárfestingum í greininni og nýliðun.

Útgerð er áhættusöm atvinnugrein. Óvissa um þróun stofnstærða, skilyrði til veiða og ástand á mörkuðum er mikil. Ofan á þessa óvissu bætist síðan pólitísk óvissa um framtíð fiskveiðistjórnunar.

Mikilvægt er að þær breytingar sem nú standa fyrir dyrum séu vandaðar í hvívetna svo tryggja megi sjávarútveginum stöðuga umgjörð sem er forsenda hagkvæmrar langtímanýtingar auðlinda sjávar.

(Heimild: Byggt á álitni sérfræðihóps sjávarútvegsráðherra)



PRYMUR HF. – vélsmiðja

**Blakknes ehf**  
Einar Hálfðans ÍS-11

**Völusteinn ehf**  
Hrólfur Einarsson ÍS-255

# Ólíklegt að sjávarorka gegni stóru hlutverki í orkubúskap

Ólíklegt er talið að sjávarorka muni gegna stóru hlutverki í orkubúskap Íslendinga á næstu áratugum, að því er fram kemur í umsöng Landsvirkjunar um þingsályktunartillögu um rannsóknir á umfangi og nýtingarmöguleika sjávarorku á Íslandi. Landsvirkjun bendir á að Ísland sé auðugt af bæði jarðvarma og vatnsorku sem hægt sé að virkja með hagkvæmum hætti til að sjá fyrir þörf landsmanna fyrir rafmagni. Kastvarmi og lághitasvæði yrðu væntanlega nýtt áður en til þess kæmi að beisla sjávarorku í einhverjum mæli. Með þingsályktunartillögunni yrði iðnaðarráðherra falið að hefja vinnu við mat á umfangi og nýtingarmöguleikum sjávarorku við strendur Íslands.

Í ljósi þess hve tækniþróun er skammt á veg komin og upplýsingar um kostnað litlar, telur Landsvirkjun að erfitt yrði að gera slíkt mat á þessu stigi. Hins vegar sé mikilvægt að gera grein fyrir þeim tækifærum sem kunna að felast í nýtingu sjávarorku með því að bera saman aðstæður hér á landi við það sem best gerist annars staðar.

Sjávarorka kemur fram í nokkr-

## smáar

Til sölu eru fjögur 215/65 sumardekk á 16" álfelgum undan Subaru Forrester. Upplýsingar í síma 456 3163.



Mjólkársvirkjun.

um myndum. Á Íslandi hefur Nýsköpunarmiðstöð Íslands hefur haft forgöngu um rannsóknir á osmósvirkjunum og hefur miðstöðin byggt upp tilraunaaðstöðu til að meta fýsileika þess að nota íslenskar jökulár til að framleiða orku með osmósutækni. Þær rannsóknir hafa nú leitt til samstarfs Nýsköpunarmiðstöðvar og Orkubús Vestfjarða um að setja á fót osmósuorkuver í smáum stíl við Mjólkársvirkjun til að vekja athygli ferðamanna og al-

mennings á þessum vistvæna orkukosti. Um er að ræða umhverfisvænan orkukost þar sem ekki er nein losun gróðurhúsalofttegunda eða mengandi vökva, engin þörf er fyrir stíflur eða uppistöðulón og áhrif á gróður og lífríki ár og sjávar eru í lágmarki.

Á sviði virkjunar sjávarfalla hefur Nýsköpunarmiðstöð Íslands í samvinnu við Háskóla-setur Vestfjarða og Orkubú Vestfjarða komið að rannsóknum á

möguleikum slíkra virkjana á Vestfjörðum. Lengst var gengið með rannsóknir í Þorskafirði. Við Vestfirði er einnig víða að finna miklar rastir við annes, svo sem Látraröst, Straumnesröst og fleiri svæði. Þessi svæði gætu nýst við gerð sjávarfallsvirkjana þegar sjávarfallastraumur í röstum er virkjaður við annes, og til þess notaðir hverflar sem eru alveg á kafi, en festir við botn. Hins vegar hafa ekki komið fram óyggjandi vísbendingar um að virkjun sjáv-

arfalla fullnægi almennt þeim kröfum sem gerðar eru um hagkvæmni og arðsemi. Líkur eru þó á að sjávarfallavirkjanir geti verið hagkvæmar við tilteknar aðstæður.

Á Vestfjörðum og hugsanlega fleiri stöðum á landinu þar sem afhendingaröryggi raforku er takmarkað gæti staðbundin raforku framleiðsla komið í stað framkvæmda við að styrkja og eða tvöfalda flutningslínur til meginlandsins. — *asta@bb.is*

## Bensínskattur og ferðapjónusta

Stakkur skrifar >

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og mállefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður.

Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Öllum má vera ljóst að síhækkandi verð á bensíni kemur sér illa fyrir landsbyggðina, ekki síst ferðapjónustu. Sífellt fleiri veigra sér við að nota einkabílinn meir en allra brýnustu nauðsyn ber til. Verðbólgan heldur áfram að hækka og gengi íslensku krónunnar að lækka. Eldsneyti kostar meira af þessum ástæðum og dregur úr vilja Íslendinga sjálfra til ferðalaga innan lands. Má búast við því að Vestfirðir verði einna helst fyrir barðinu á miklum ferðakostnaði fólks á Íslandi. Ekki er gæfulegt fyrir ferðapjónustuna á Vestfjörðum, sem hefur þó heldur verið að sækja í sig veðrið, að sæta því. En hár bensínkostnaður hefur líka þau áhrif að útlendingar sem til Íslands koma halda sig einkum í nágrenni Reykjavíkur og fara síður út á land. Að sjálfsögðu bitnar það á gististöðum og þeim sem selja veitingar, afþreyingu og aðra ferðatengda þjónustu. Á endanum bitnar það á íslenska hagkerfinu, verst þó á landsbyggðinni.

En það er víðar sem hátt bensínverð hefur áhrif. Þannig hækka húsnæðislán þeirra sem ekki tefldu djarft og tóku gengistryggð lán í hvert skipti sem bensínið hækkar. Það sorglega er að skattur af bensíni sem rennur til ríkisins ytir þessi áhrif og gerir fólki erfiðara fyrir. Til viðbótar síhækkandi lánnum fólks og aukinni verðbólgu sem fylgir í kjölfarið má benda á þá köldu staðreynd að vegagerð á

Íslandi liggur nánast niðri eins og er. Eina undantekningin kann að verða umdeild jarðgangaframkvæmd á Norðurlandi. Minnt skal á það að skattur af bensíni á að renna til vegagerðar. En hversu mikið gerir hann það? Ríkisstjórn Íslands skellir skollayrum við ábendingum um hátt bensínverð og kvörtunum þar að lútandi. Hagfræðileg rök eru fyrir því að lækka bensínverðið. Slík lækking gæti orðið til eflingar ferðapjónustu á Íslandi og að minnsta kosti minnkað fyrirsjáanlegan samdrátt utan höfuðborgarsvæðisins. Ekki er nóg að benda á aukið flug til og frá Íslandi. Peningar þurfa að verða eftir í landinu. Til lítils gagns er fyrir ferðapjónustu í meira en 100 kílómetra radíus frá Reykjavík að útlendingar eti sig sadda í Reykjavík og nágrenni og halli sér þar á milli ferða í Bláa Lónið, að Gullfossi, Geysi og Þingvöllum.

Hátt verð á bensíni og olíu er auka skattur á fjölskyldur á Íslandi, sem bitnar með meiri þunga á þeim er búa á landsbyggðinni. Flutningskostnaður vöru verður hærri og því kostar matur og drykkur meira þar en á suðvesturhorninu.

Öll rök mæla með því að gripið verði til þess að lækka verð á bensíni og olíu. Ella lækkar minni sala sjálfkrafa skatttekjur af þessari vöru.

# Farþegum um Þingeyrarflugvöll fækkaði um 26,2% milli ára

Fjöldi farþega sem fóru um Þingeyrarflugvöll fækkaði um 26,2% milli ára. Á síðasta ári voru þeir 527 samanborið við 714 árið 2010. Farþegunum fækkaði einni um 42,2% milli ára 2009 og 2010 en fyrrnefnda árið voru þeir 1.235. Flughreyfingar voru 26 á síðasta ári en 30 árið 2010, en þær sýna lendingar og flugtök allra flugvéla sem fara um völlinn. Árið 2009 voru flughreyfingarnar fimm tíu. Áætlanarflug til Þingeyrar lagðist af árið 1996, og hefur völlurinn verið notaður sem varaflygvöllur fyrir Ísafjarðarflugvöll. Þingeyrarflugvöllur þykir henta vel í suðaustanátt

þegar ófært er á Ísafjörð og eins í norðaustlægum áttum.

Að sögn Arnórs Jónatanssonar, stöðvarstjóra Flugfélags Íslands á Ísafirði, eru það veðurfarslegar aðstæður valda því að ekki er hægt að nýta Þingeyrarflugvöll oftast þegar ófært er á Ísafjörð.

„Þegar ófært er hjá okkur atvugum við hvernig veðuraðstæður eru á Þingeyri en því miður hafa ekki komið upp dæmi að undanförunu þar sem það er ófært hjá okkur en fært til Þingeyrar, því miður.“ Hann segir ekki hafi verið flogið til Þingeyrar það sem af er þessu ári. „Við gerðum heildarlega tilraun til þess fyrir stuttu en það gekk ekki upp þar sem



Þingeyrarflugvöllur. Ljós: © Mats Wibe Lund.

völlurinn lokaðist rétt áður en hægt var að fljúga þangað.“

Þingeyrarflugvöllur var vígður af Sturlu Böðvarssyni, þáverandi samgönguráðherra, í ágúst 2006 eftir miklar endurbætur. Heildarkostnaður við framkvæmdina var 182 milljónir króna en Vegagerðin ákvað að greiða 12 milljóna króna kostnað við flutning þjóðvegarins við völlinn. Kostnaður Flugmálastjórnar var 170 milljónir króna. Þar af fóru 105 milljónir króna til verktakans sem sá um framkvæmdina, en annar kostnaður eins og ljósa- og veðurathugunarbúnaður var 35 milljónir króna. Hönnun, eftirlit og námur kostuðu 42 milljónir.

## Nýfæddum Vestfirðingum fjölgar

Á síðasta ári fæddust 98 börn með lögheimili á Vestfirðum. Um er að ræða fjölgun frá árinu á undan þegar 84 börn fæddust, að því er fram kemur í nýjum tölum Hagstofunnar. Fjöldinn er þó svipaður og síðastliðin 10 ár, því að meðaltali hafi fæðst 96 börn í fjórðungnum á hverju ári á tímabilinu. Flest voru börnin árið 2002 eða 118. Flest barnanna voru með skrásett lögheimili í Ísafjarðarbæ eða 55 og 15 voru með lögheimili í Bolungarvík. Nýfædd börn með lögheimili í Vesturbyggð voru 14 en þau hafa ekki verið svo mörg síðan árið 2005. Þetta nær þó ekki þeim fjölda og var árið 2002 þegar 24 börn fæddust með lögheimili í sveitarfélaginu. Átta einstaklingar fæddust með lögheimili í Strandabyggð árið 2011, þrír í




Alls fæddust 98 börn á síðasta ári með lögheimili á Vestfirðum.

Reykholahreppi og einn í Tálknafjarðarhreppi, Súðavík og Árneshreppi.

Á síðasta ári fæddust 4.496 börn með lögheimili á Íslandi. Um er að ræða nokkra fækkun frá árinu á undan þegar 4.907 börn fæddust. Þrátt fyrir fækkunina er fjöldi fæðinga árið 2011 engu að síður svipaður og meðaltal und-

anfarinna áratuga. Árgangurinn 2011 er sá 26. stærsti frá 1951. Fæðingartíðnin, þ.e. fjöldi fæðinga á hverjar 1000 konur á aldrinum 20 til 44 ára, var 68 á síðasta ári samanborið við 73,7 árið á undan. Flest barnanna voru með lögheimili í Reykjavík, eða 1.718, í Kópavogi voru þau 491, og 413 í Hafnarfirði.

Tölur um fæðingar ná til allra barna mæðra sem eiga lögheimili á Íslandi við fæðingu, hvort sem þau eru fædd innanlands eða utan. Börn sem fædd eru á Íslandi en eiga lögheimili erlendis eru ekki talin með. Með fæðingum á Íslandi eru taldar 46 fæðingar erlendis, enda hafði móðir barnsins lögheimili á Íslandi.



### Ríflega sextíu fermast

Alls fermast fjórtán börn í Súgandafirði, Önuðarfirði og Dýrafirði í ár. Á Suðureyri verða tvær fermingarmessur í ár en þar fermast fimm börn. Í Dýrafirði verða fimm fermingarmessur þar sem sex börn fermast og í Önuðarfirði verða þrjár fermingarmessur fyrir þrjú börn.

Er því ljóst að um 60 börn fermast í Ísafjarðarbæ í ár en eins og fram hefur komið er ráðgert er að 45 börn fermast í vor í Ísafjarðarprestakalli.

## Leggja hart að bæjaryfirvöldum að leita sátta

Stjórn landeigendafélags Sléttu- og Grunnarvíkurhreyfingar hefur mótmælt sjónarmiðum umhverfisnefndar Ísafjarðarbæjar þess efnis að hækkan þaks yfir áfastri skúrbyggingu og stækkun hússins að Heimabæ II á Hesteyri, gangi ekki í berhög við ríkjandi byggingarstíl á svæðinu. Í bréfi stjórnarinnar til bæjaryfirvalda kemur fram að málið sé komið í mikið óefni og leggur stjórnin hart að bæjaryfirvöldum að leita sátta í málinu. „Virðist annar aðili málsins tilbúinn í áttakamikil og kostnaðarsöm málaferli sem hann telur sig augljóslega eiga góða möguleika á að vinna,“ segir í bréfinu.

Stjórnin telur að óheppilegt að við undirbúning á framkvæmdum að Heimabæ, hafi hvorki byggingaryfirvöld á Ísafirði né eigendur Heimabæjar II, fylgt leiðbeiningum um byggingarleyfi í friðlandinu á Hornströndum sem Umhverfisstofnun, Ísafjarðarbær og landeigendafélagið samþykktu árið 2004. Í bréfinu kemur fram að samkomulagið hafi síðan legið til grundvallar við útgáfu leyfa og hafi verið innleitt í veigamiklum atriðum í núverandi aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020, en dæmi sé um að byggingarleyfi hafi verið hafnað þar sem ekki tókst að afla

samþykkis meðeiganda.

„Það vekur jafnframt furðu að eigendur Heimabæjar II hefja endurbyggingu hússins í fjögurra metra fjarlægð frá húsi næsta nággranna, án þess að hafa við hann samband og samráð um fyrirhugaðar framkvæmdir,“ segir í bréfinu. Stjórnin árettar það sjónarmið sem kemur fram í bókun Hornstrandaneftndar frá 8. desember 2011, en nefndin telur að teikningar af endurbyggingu Heimabæjar II séu ekki í samræmi við ríkjandi byggingarstíl á Hesteyri en í aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 segir að útlit nýrra húsa og breytingar á

eldri húsum skuli taka mið af þeim byggingarstíl sem tíðkaðist á meðan byggð hélst á viðkomandi svæði. Hornstrandaneftnd gerði sérstakar athugasemdir við útlit glugga á teikningum af endurbyggingu Heimabæjar II, velti glugga á þaki, breytingar á skorsteini, hækkan þaks yfir viðbyggingu og stækkun hússins.

Umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar tók undir athugasemdir Hornstrandaneftndar er varðar glugga á þaki, gluggagerð og skorstein. Hinsvegar tók umhverfisnefnd ekki undir að hækkan þaksins við viðbyggingu og stækkun hússins gangi í berhög

við ríkjandi byggingarstíl á Hesteyri. Þessu mótmælir stjórn landeigendafélagsins en í bréfinu kemur fram að hún telji að útvíkkaðar grenndarkynningar á Hesteyri þjóni ekki tilgangi eins og málum sé nú háttað. „Fólk þar stendur frammi fyrir orðnum hlut. Málið snýr fyrst og fremst að stjórnsýslu Ísafjarðarbæjar og samskipti eigenda Heimabæjar I og Heimabæjar II,“ segir í bréfinu.

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur sent bréf landeigendafélagsins til frekari vinnslu hjá umhverfisnefnd sveitarfélagsins.

— asta@bb.is

# Hefur verið tæpan aldarfjórðung á bak við sýningarvélina

Sýningar Ísafjarðarbíós þar sem kvikmyndir eru sýndar af filmur eru að renna sitt skeið á enda. Að sögn Þorsteins J. Tómassonar, sýningarstjóra kvikmyndahússins, er filman að verða úrelt og aðeins þrjú sýningarhús sem enn þá sýna kvikmyndir af filmu. Þorsteinn hefur starfað í tæpan aldarfjórðung við að þræða filmur á gömlu sýningarvélina í Ísafjarðarbíói. Nokkuð er síðan hann sagði skilið við sýningartækin og leyfði öðrum að komast að. Hins vegar gat hann ekki annað en sagt já þegar rekstraraðilar Ísafjarðarbíós spurðu hvort að hann vildi ekki sjá um síðustu sýningarnar á filmuvélinni. „Ég geri þetta í sjálfboðavinnu, enda gaman að fá tækifæri til að klára ferlið,“ segir Þorsteinn.

„Það er verið að hætta að flytja inn filmur því það eru ekki nema þrjú kvikmyndahús sem ennþá



Þorsteinn J. Tómasson við filmuvélina í Ísafjarðarbíói.

sýna kvikmyndir á filmu hér á landi, á Ísafirði, á Selfossi og á Akranesi þar sem nú er unnið að því að fjármagna kaup á nýjum tækjabúnaði. Það fer að verða svo dýrt að fá eintak á filmu fyrir tvö kvikmyndahús að það myndi seint bera sig. Þá eru margir hættir að framleiða kvikmyndir á filmu, filman er að verða úrelt og framleiðslan að mestu komin í starfrænt form. Því gæti orðið erfitt að fá myndir til að sýna í bíóinu,“ segir Þorsteinn.

Þorsteinn segir ekki mikinn söknuð af filmuvélinni. Upphaflega voru tvær vélar í Ísafjarðarbíói en frá því að önnur þeirra bilaði hefur hún verið notuð í varahluti. „Töluverðan undirbúning þarf fyrir sýningar þegar aðeins ein vél er í gangi. Það þarf að skeyta filmuna saman á tvö stór hjól en hún kemur oftast á sex til tíu spólum. Þetta er gifur-

lega vinna og tekur töluverðan tíma.“

Það er Verkalýðsfélag Vestfirðinga sem á öll tæki til kvik-

myndasýninga í Ísafjarðarbíói. Félagið vinnur nú að því að reyna að fá tækjabúnaðinn í húsinu endurnýjaðan. – *asta@bb.is*



Elsa G. Borgarsdóttir í Ískeldu er komin aftur heim.

## Opnar hönnunarhús á Ísafirði

Elsa G. Borgarsdóttir hönnuður hefur opnað hönnunarhús á Ísafirði undir nafninu Ískelda. Fyrirtækið var stofnað á Húsavík og þrátt fyrir að húsnæðið á Ísafirði sé aðeins minna en hún hafði á Húsavík, segir hún að um sé að ræða samskonar gallerý og vinnustofu. „Þetta er mín hönnun og mitt hugvit sem er hérna,“ segir Elsa en hún hannar allt frá beltum til kjóla og hundavesta. „Þetta er allt milli himins og jarðar,“ segir hún. Elsa er fædd á Ísafirði og bjó þar fyrstu árin og segist því vera að koma heim.

„Ég er líka gift Ísfirðingi og okkur langaði til að koma heim. Ég er búin að vera búsett fyrir norðan í tæp 30 ár og okkur fannst þetta réttur tími. Höfðum reyndar

verið að hugsa um það í nokkur ár og ákváðum að láta vaða núna og flutningurinn hefur gengið mjög vel.“ Elsa segir viðtökurnar við opnun hússins hafa verið góðar en það er til húsa í Hafnarstræti. „Það er skondið en þetta húsnæði var Finnsbúð þegar ég lítil stelpa, og dóttir þessa Finns sem var með búðina hét Elsa. Eldra fólkið hefur því verið að koma við og fagna því að Elsa sé komin aftur í Finnsbúð. Það er skemmtileg tilviljun og mjög gaman.“

Elsa segir að opnun hússins á Ísafirði leggist afar vel í sig sem og flutningurinn aftur heim. „Ég er bara bjartsýn og þetta verður bara ljómandi skemmtilegt.“

– *thelma@bb.is*

## Minningarreitur um Hjálmar R.

Umhverfisnefnd Ísafjarðarbæjar hefur farið þess á leit við Skógræktarfélag Ísafjarðar að það nýti þau svæði sem félagið hefur nú þegar fengið úthlutað frá sveitarfélaginu, undir minningarlund um Ísfirðinginn Hjálmar R. Bárðarson, fyrrum siglingamálastjóra. Jafnframt minnir nefndin félagið á að í gangi sé starfs- hópur sem sé að vinna að málinu.

Skógræktarfélagið sótti um aukið land til skógræktar í Dagverðardal í kjölfar áhuga Landgræðslusjóðs á að ræktaður verði reitur í Skutulsfirði til minningar um Hjálmar en hann arfleiddi Landgræðslusjóði hluta eignar sinna til að styrkja skógrækt á Íslandi. Sjóðurinn hyggst styrkja ræktunina með myndarlegu fjármagni. – *asta@bb.is*



ÍSAFJARÐARBÆR

## Deiliskipulag, hlíðin neðan Gleiðarhjalla, innri hluti

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkti þann 16. febrúar 2012 deiliskipulag ásamt umhverfisskýrslu í hlíðinni neðan Gleiðarhjalla, innri hluti á Ísafirði, Ísafjarðarbæ. Deiliskipulagið tekur til tæplega 19 ha svæði ofan við Seljalandsveg og Urðarveg. Gert er ráð fyrir byggingu ofanflóðavarna ofan við byggðina í Efri bænum. Varnirnar felast í tveimur snjóflóðagörðum og tveimur aurvarnargörðum með flóðarásum ofan við þá. Að hluta til er um stækkun og breytingu á núverandi varnavirki að ræða.

Til að bæta fyrir neikvæð áhrif framkvæmdanna er gert ráð fyrir bættari aðstöðu til útivistar. Gert er ráð fyrir göngustíg eftir og meðfram varnarmannvirkjunum, með tengingum við stíga og götur bæjarins. Jafnframt er gert ráð fyrir reiðstíg ofan við varnargarðana, sem síðar mun tengjast reiðstíganeti bæjarins.

Tillagan var auglýst og lá fram til kynningar á bæjarskrifstofum frá 17. október 2011 til 28. nóvember 2012. Tvær athugasemdir bárust og hefur umsögn bæjarstjórnar um hana verið send þeim sem hana gerði. Athugasemdirnar gáfu ekki tilefni til breytinga á tillögunni og hefur deiliskipulagið verið sent Skipulagsstofnun til yfirferðar.

Peir sem óska nánari upplýsinga um tillöguna og niðurstöður bæjarstjórnar geta snúið sér til tæknideildar Ísafjarðarbæjar.

**Jóhann Birkir Helgason, sviðstjóri framkvæmda- og eignasviðs.**



Kári Jóhannsson eigandi Fiskbúðarinnar Sjávarfangs á Ísafirði.

# Eltist við árstíðirnar fyrir fiskbúðina

„Það eru alltaf fleiri og fleiri að taka við sér og það alltaf nóg að gera,“ segir Kári Þór Jóhannsson sem stendur vaktina í einu fiskbúðinni á norðanverðum Vestfjörðum, Fiskbúð Sjávarfangs. „Þetta gengur út á það að vera vakandi yfir því hvar maður getur fengið ferskasta fiskinn og eins að fylgjast með vedri og hvort bátar séu að róa. Það er nú skondið að menn koma oft ekki þegar

bræla er, en þá er til fiskur, en koma svo daginn eftir brælu þegar mun minna er til af fiski þar sem bátarnir koma yfirleitt inn seinni part dags og á kvöldin,“ segir Kári.

„Svo er maður að eltast við árstíðirnar, núna er það gotan og lifrin og eins er rauðmaginn byrjaður. Að vísu verður ekki byrjað að veiða rauðmagann á svæðinu fyrr en um miðjan mánuðinn en

ég er þó kominn með hann þar sem byrjað er að veiða hann annars staðar á landinu. Um leið og byrjað er að tala um einhverjar fisktegundir í útvarpinu spyr fólk þetta eftir því. Maður verður því að fylgjast með því hvað er í gangi, ekki bara hér í sveitarfélaginu heldur um allt land.“

Kári undirbýr nú páskana til þess að vera klár með þær tegundir sem eru vinsælastar á þeim

árstíma. „Menn vilja fá ákveðnar tegundir á grillið, t.d. humarinn og silunginn. Maður verður því að hugsa um komandi daga en ekki bara daginn í dag.“

En hvað er vinsælast í búðinni? „Tilbúna réttirnir hafa verið mjög vinsælir og eins er eldra fólk oft frekar vanafast og vill þverskorna ýsu eða bara ýsu- og þorsklök. Það veltur dálítið á því hvort um sé að ræða eldra

fólk sem gefur sér tíma og vill máltíðir eins og áður tíðkuðust áður fyrir eða yngra fólk sem hefur engan tíma og vill fá þetta tilbúið,“ segir Kári hlæjandi og bætir við. „Ég skal sjá um að hafa alltaf nóg í borðinu en húsmaður og aðrir kokkar þegarins sjá um eldamennskuna.“

Þess má geta að þegar Kári er ekki önnur kafinn í Fiskbúðinni vinnur hann harðfisk.

Sælkeri vikunnar er Lilja Gísladóttir frá Ísafirði

## Kjúklingasúpa og súkkulaðisæla

„Ég ætla að gefa upp uppskrift af súpu sem mér finnst agalega góð. Þessa súpu er ég búin að vera gera lengi. Þetta er svona grunnurinn en innihald eins og grænmeti og magn af kjúklingi breytist eftir því hvað ég á í ískápnunum.“ Einnig lætur hún fylgja uppskrift að ómótstæðilegri súkkulaðisköku. „Þessa köku geri ég alltaf þegar ég ætla að heilla einhvern og það mistekst aldrei,“ segir Lilja.

### Kjúklingasúpa

Kjúklingur  
1 paprika  
½ þúrlaukur  
Heilmikið af hvítlauk

150 -200 g rjómaostur  
1 flaska af Heinz chili tómatar  
sósu  
Pipar  
Kjúklingakraftur  
1 msk karrý

Steikja þúrlaukinn og hvítlauk ásamt karrýinu upp úr olíu eða smjöri, eftir því hvað hentar. Bætir svo við paprikuna. Þá má bæta við tómatsósunni og rjómaostinum. Fylla upp í með vatni, magn fer eftir því hvað menn vilja hafa súpuna þykka. Svo má bragðbæta með salti, pipar og krafti. Mér finnst agalega gott að nota Cayenne pipar, en það fer eftir því hver er í mat hvort það sé leyfilegt.

### Súkkulaðisæla

4-5 msk smjör  
100 g suðusúkkulaði  
3 egg  
3 dl sykur  
1 ½ dl hveiti  
1 tsk salt  
1 tsk vanilludropar

### Karmellusósa

4 msk smjör  
1 dl þúðursykur  
2 msk rjómi  
150 g Suðusúkkulaði

Bræðið súkkulaðið og smjörið í vatnsbaði. Peytið egginn í þetta froðu. Bætið þurrefnunum út í, síðan bræddu súkkulaðinu og



vanilludropum. Hellið í ferkantað form ( u.þ.b. 25 cm. ) eða litla skúffu og bakið við 175 °c í 15 mín.

### Karmellusósa:

Hitið smjörið og sykurinn að suðu, hitið í 1 mín. Og hrærið stöðugt í á meðan. Takið af hellunni og kælið lítið eitt áður en

rjómanum er blandað saman við. Hellið karmellunni yfir og bakið í 15 mín í viðbót. Stráðið brytjuðu súkkulaði yfir heita kökuna. Borið fram með ís eða rjóma.

Ég skora á bróðir minn, Freysteinn Gíslason, að koma með einhverja góða uppskrift í næsta blaði.



100 ÁRA  
HÚÐUMÖNNUN  
ALLA ÆVI



# NÝ NIVEA Q10-FORMÚLA MEIRI ÁHRIF, MINNI HRUKKUR

NIVEA Q10 Anti-Wrinkle Moisturizer dagkremið sem inniheldur náttúrulegt Q10 húðarinnar er nú með nýrri og betri formúlu. Enn meiri virkni í baráttunni gegn hrukkum og 30% meira af rakagefandi innihaldsefnum.

**IMPROVED FORMULA:**  
BETTER WRINKLE  
REDUCTION,  
MORE MOISTURIZER



Reduces wrinkles visibly  
Helps to prevent new wrinkles